

KJARASAMNINGUR
milli
Verkfræðingafélags Íslands
og
Félags ráðgjafarverkfræðinga

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamning milli annars vegar Félags ráðgjafarverkfræðinga og hins vegar Kjaradeildar Verkfræðingafélags Íslands og Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands frá 17. mars 2016.

Gildistími

Kjarasamningur þessi gildir frá og með 1. maí 2019 til 1. nóvember 2022 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Launabreytingar

Launahækkanir sammingsins eru allar í formi krónutöluhækkana á mánaðarlaun. Með mánaðarlaunum er átt við föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu.

Almenn hækkun mánaðarlauna fyrir fullt starf:

- 1. maí 2019: 17.000 kr.
- 1. apríl 2020: 18.000 kr.
- 1. janúar 2021: 15.750 kr.
- 1. janúar 2022: 17.250 kr.

Eingreiðsla:

Í júní 2019 greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 26.000.

Hagvaxtarauki:

Á árunum 2020-2023 komi til framkvæmdar launaauki á grundvelli þróunar vergrar landsframleiðslu á hvern íbúa.

Útreikningur launaaukans byggir á bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands um vísitölu vergrar landsframleiðslu á mann sem birtast í byrjun mars ár hvert fyrir næstliðið ár. Launaaukinn bætist við föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu og neðangreind tafla sýnir fjárhæð launaaukans og forsendur hans:

| Verg landsframleiðsla á hvern íbúa, hækkun milli ára | Launaauki á mánaðarlaunataxta kjarasamninga | Launaauki á föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu |
|--|---|---|
| 1,0 - 1,50% | 3.000 kr. | 2.250 kr. |
| 1,51 - 2,00% | 5.500 kr. | 4.125 kr. |
| 2,01 - 2,50% | 8.000 kr. | 6.000 kr. |
| 2,51 - 3,00% | 10.500 kr. | 7.875 kr. |
| > 3,0% | 13.000 kr. | 9.750 kr. |

Launaaukinn greiðist 1. maí.

Handwritten signatures and initials in blue ink:
A.P.P. (top left)
E.M.R. (middle left)
P.P.P. (top right)
P.P.P. (middle right)

Vinnutímastytting

Við grein 2.1.2. bætist nýr málsliður:

Frá og með 1. janúar 2020 er dagvinna 37 klst. og 15 mín. á viku. Sjá nánar bókun um framkvæmd vinnutímastyttingar.

Grein 2.1.8. breytist þannig að á eftir orðunum „38 klst. á viku“ kemur: 37 klst. og 15 mín. frá og með 1. janúar 2020.

Samningsforsendur

Kjarasamningur þessi byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar dags. 3. apríl 2019. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um hagvaxtarauka og kauptaxtaauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal taka sambærileg ákvæði í samningi þessum til endurskoðunar.

Komi til þess að kjarasamningunum frá 3. apríl sl. verði sagt upp er heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan fimm virkra daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

Reykjavík, 29. maí 2019

Með fyrirvara um samþykki félagsfundar Kjaradeildar Verkfræðingafélags Íslands

Með fyrirvara um samþykki félagsfundar Félags ráðgjafarverkfræðinga.

F.h. Verkfræðingafélags Íslands



Arnar H. Halldórsson

F.h. Félags ráðgjafarverkfræðinga



Arinbjörn Friðriksson




Kári Steinar Karlsson



Pétur Örn Magnússon

Margrét Elín Sigurðardóttir

Stefán Veturliðason



Svavar Páll Pálsson

Elsa María Ragnvaldsdóttir₂

Bókun um framkvæmd vinnutímastyttingar

Vinnutímastytting tekur gildi 1. janúar 2020. Atvinnurekendur skulu hafa samráð við launamenn um tillögu að útfærslu vinnutímastyttingar á grundvelli eftirfarandi valkosta:

- a) Hver dagur styttest um 9 mínútur
- b) Hver vika styttest um 45 mínútur
- c) Safnað upp innan ársins
- d) Vinnutímastytting með öðrum hætti

Samkomulag skal hafa náðst um framkvæmd vinnutímastyttingar fyrir 1. desember 2019. Ef samkomulag næst ekki styttest vinnutími um 9 mínútur á dag miðað við fullt starf.

Atvinnurekanda er heimilt vegna skipulags og nauðsynlegrar samræmingar á vinnustað að tilkynna starfsmanni með a.m.k. mánaðar fyrirvara um breytt fyrirkomulag vinnutímastyttingar.

Reykjavík 29. maí 2019

F.h. Verkfræðingafélags Íslands

F.h. Félags ráðgjafarverkfræðinga



Arnar H. Halldórsson



Arinbjörn Friðriksson



Kári Steinar Karlsson



Pétur Örn Magnússon

Margrét Elín Sigurðardóttir

Stefán Veturliðason



Svavar Páll Pálsson

Elsa Marcía Rögnvaldsdóttir

Bókun um yfirferð samningstexta

Kjarasamningur þessi skal rýndur af samningsnefndum Félags ráðgjafarverkfræðinga og Verkfræðingafélags Íslands á samningstímabilinu með það fyrir augum að vinna almennar orðalagsbreytingar og kanna þörf á endurskoðun ákvæða um tryggingar. Stefnt er að því að ljúka þessari vinnu fyrir lok nóvember 2019.

Reykjavík 29. maí 2019

F.h. Verkfræðingafélags Íslands

F.h. Félags ráðgjafarverkfræðinga



Arnar H. Halldórsson



Arinbjörn Friðriksson



Kári Steinar Karlsson



Pétur Örn Magnússon

Margrét Elín Sigurðardóttir

Stefán Veturliðason



Svavar Páll Pálsson

Elsa María Rögnvaldsdóttir